

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/84**  
**komudagur 10.10.2012**

10. október 2012  
Umsögn frá Svavari Kjarrval Lútherssyni um:  
Frumvarp til laga um stjórnskipunarlaga  
141. löggjafarþing 2012–2013.  
Þskj. 19 — 19. mál.

Fyrir mitt leiti legg ég til samþykki frumvarpsins en mæli með því að breytingin nái einnig yfir 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Ástæðan er fyrst og fremst sú að báðar málsgreinarnar fjalla báðar um að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram eftir að Alþingi hefur samþykkt breytingar á stjórnarskrá. Því er tilgangslaust að hafa tvær málsgreinar innan sömu greinar sem fjalla um það sama. Að auki ætti, samkvæmt rökstuðningi fyrir frumvarpinu, að vera sama samstaða um breytingu á kirkjuskipan ríkisins, hver sem hún er á þeim tíma, og gildir um aðrar greinar stjórnarskrárinnar.

Því óska ég eftir því nefnding mæli að auki með brottfalli 2. mgr. 79. gr. og 2. mgr. 62. gr. til að auka samræmi í framkvæmd breytinga á stjórnarskrá vorri.

Svavar Kjarrval Lúthersson